

Fundur í fagráði nautgriparæktar 16. október 2020

Fundargerð

Fundurinn var fjarfundur í Microsoft Teams, haldinn 16. október 2020 og hófst kl. 10.00.

Mættir: Þórarinn Leifsson, Herdís Magna Gunnarsdóttir, Hermann Ingi Gunnarsson, Andri Már Sigurðsson, Björn S. Gunnarsson, Egill Gunnarsson, Margrét Gísladóttir, Sigtryggur Veigar Herbertsson og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Breyting á útreikningi kynbótamats fyrir efnahlutföll mjólkur
3. Staða verkefna sem hafa fengið styrk úr þróunarsjóði og er ólokið – stutt yfirlit
4. Umsóknir í þróunarsjóð nautgriparæktarinnar
5. Önnur mál

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.

Þórarinn Leifsson, formaður fagráðs, setti fund og stýrði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna til fundar. Fundargerð síðasta fundar, dags. 25. september 2020, samþykkt en hún hafði áður verið afgreidd óformlega í tölvupósti.

2. Breyting á útreikningi kynbótamats fyrir efnahlutföll mjólkur.

Guðmundur fór yfir að í vinnu við spálíkön fyrir erfðamat hefur komið í ljós að hægt er að einfalda útreikninga varðandi efnahlutföll á þann veg að hætta að meta erfðastuðla fyrir próteinhlutfall og fituhlutfall eins og hefur verið gert. Þess í stað verði reiknað og birt kynbótamat fyrir efnahlutföll sem hlutfall af afurðaeiginleikum svona:

$$EBV_{\text{fituhlutfall}} = EBV_{\text{fita_kg}} / EBV_{\text{mjólk_kg}} * 100$$

$$EBV_{\text{próteinhlutfall}} = EBV_{\text{prótein_kg}} / EBV_{\text{mjólk_kg}} * 100$$

Það hefur verið sýnt fram á það að það skilar ekki góðum árangri að reikna kynbótamat fyrir hlutfallseiginleika, þar sem þeir eru ekki normaldreifðir, og það er óvenju alvarlegt brot á forsendum líkansins. Þá er rétt að nefna að vandamálið sem við höfum glímt við varðandi ósamræmi í efnahlutföllum og afurðaeiginleikum gæti horfið við þessa breytingu.

Fagráð gerir ekki athugasemdir við að breyta útreikningunum á þennan veg.

3. Staða verkefna sem hafa fengið styrk úr þróunarsjóði og er ólokið.

Farið yfir þau verkefni sem hafa fengið styrk úr þróunarsjóði en er ólokið. Flest verkefnanna eru í góðum farvegi en langflest þeirra eru frá 2019 og 2020.

4. Umsóknir í þróunarsjóð nautgriparæktarinnar.

Alls bárust 8 umsóknir upp á samtals kr. 23.646.000.

a. **Framleiðsla gæludýrafóðurs úr kjötafaskurði frá sláturhúsum.**

Umsókn frá Fiskafurðum umboðssölu ehf. Verkefnisstjóri er Jón Guðlaugsson.

Markmið verkefnisins er að auka verðmætasköpun kjötafaskurðar úr sláturhúsum.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið áhugavert en það falli ekki að markmiðum sjóðsins og leggur því til að umsókn um styrk verði hafnað.

b. **Nautgripagerði og gjafaaðstaða með haugkjallara.**

Umsókn frá Sveitakarlinum ehf. Verkefnisstjóri er Tyrvingur Sveinsson.

Markmið verkefnisins er að heysparnaður með minni slæðing og betri stjórn á áti gripa ásamt því að auðvelda til muna alla meðhöndlun og stjórnun á gripunum. Þar má til dæmis nefna mikið hagræði við alla flokkun gripa, sæðingu og burðarhjálp. Einnig nýtist allur skítur mun betur. Jarðrask ætti að minnka í kringum gjafastað þar sem gripir skíta mest þar sem þér éta. Ávinningurinn fyrir greinina í heild er tilraun til að setja fordæmi og koma át og meðhöndlunaraðstöðu „upp úr svaðinu“. Teknar eru hugmyndir og þekking sem reynst hafa vel erlendis og þær heimfærðar fyrir íslenskar aðstæður.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið áhugavert en uppsetning og fyrirhuguð úrvinnsla þess falli ekki nægilega vel að kröfum sjóðsins og leggur því til að umsókn um styrk verði hafnað. Hermann sat hjá við afgreiðslu þessarar umsóknar.

c. **Holdafar íslenskra mjólkurkúa, áhrif á afurðir og heilsufar.**

Umsókn frá Landbúnaðarháskóla Íslands. Verkefnisstjóri er Jóhannes Sveinbjörnsson.

Verkefnið er meistaraverkefni Jóhannesar Kristjánssonar. Markmiðið er að meta þörf og ávinning af holdastigun mjólkurkúa. Eftirlit með holdastigi kúa er tæki til að meta fóðrun einstaka gripa. Sé fylgst með holdafari gripa má bæta fóðrun gripa og spara þar með fóður og losna við neikvæð áhrif rangrar fóðrunar á heilsufar, afurðir og frjósemi. Niðurstöður þessa verkefnis munu hjálpa til við að meta þörf fyrir holdastigun og hvaða markmið bændur eiga að setja sér í holdafari íslenskra mjólkurkúa. Nýlega er einnig kominn á almennan markað búnaður sem holdastigar kýr sjálfvirkt og auðveldar því mikið eftirlit með holdafari einstaka gripa. Niðurstöður þessa verkefnis hjálpa til við að meta þörf og fjárhagslega hagkvæmni slíks búnaðar.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið mjög áhugavert og leggur til að það verði styrkt um allt að kr. 2.000.000.

d. **Fasafóðrun í byrjun mjaltaskeiðs og AAT þarfir út mjaltaskeiðið.**

Umsókn frá Baldri Erni Samúelssyni sem jafnframt er verkefnisstjóri.

Verkefnið er 45 eininga lokaverkefni í fóðurfræði við Árósháskóla í Danmörku. Markmiðið er að fá betri prótein ráðleggingar fyrir mjólkurkýr því ýmislegt bendir til þess að kýr fái of lítið í byrjun mjaltaskeiðsins og svo of mikið eftir því sem líður á mjaltaskeiðið. Með því má bæta nýtingu á próteini sem getur verið kostnaðarfullur þáttur í fóðrun mjólkurkúa. Offóðrun á próteini kostar auka orku fyrir gripina að losna við próteinið og einnig eykur þetta mengun með losun á ammóníaki og köfnunarefni með þvagi og mykju.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið mjög áhugavert og leggur til að verkefnið verði styrkt um allt að kr. 1.000.000.

e. **Innleiðing á nýju kynbótamati fyrir frjósemi.**

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Guðmundur Jóhannesson.

Markmiðið er að innleiða nýtt kynbótamat fyrir frjósemi íslenska kúastofnsins, styrkja matið og afkvæmadóm nauta. Með nýju kynbótamati fyrir frjósemi fæst betra mat á

afkvæmahópa nautanna auk þess sem það byggir fyrir á frjósemi þeirra eigin dætra. Þannig má snúa við þeirri öfugþróun sem verið hefur á frjósemi íslenska kúastofnsins undanfarna áratugi.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið mjög áhugavert og þarft og leggur til að það verði styrkt um allt að kr. 3.000.000. Guðmundur og Hermann tóku ekki þátt í afgreiðslu þessarar umsóknar.

f. **Rekstur nautgripabúa – greining rekstrargagna og söfnun hagtalna nautakjöts.**

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Kristján Óttar Eymundsson.

Markmiðið er að safna saman ítarlegum hagrænum tölum í nautakjötsframleiðslu sem hafa verið óaðgengilegar. Jafnframt munu nautgripabændur fá greiningu á sínum rekstri og sjá hvar hann stendur í samanburði við önnur bú. Í aukinni samkeppni við aukinn innflutning á nautakjöti er enn mikilvægara fyrir þau að vera meðvituð um sína rekstrarhæfni. Gögnin munu nýtast við afkomuvöktun í greininni eins og hefur komið á daginn með sambærileg verkefni hjá sauðfjárbændum og svo kúabændum.

Afgreiðsla: Rætt um að í raun eigi hagtölusöfnun að vera í höndum opinberra aðila og hvort ekki eigi að sækja um fjármagn til ráðuneytisins í þennan þátt. Fagráð telur verkefnið þarft og áhugavert og leggur til að það verði styrkt um allt að kr. 400.000. Fagráð beinir því til Bændasamtaka Íslands og Landssambands kúabænda að sækja um fjárveitingu eða mótframlag til verkefnisins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Guðmundur og Hermann tóku ekki þátt í afgreiðslu þessarar umsóknar.

g. **Fræðsla og fundir fyrir holdagripabændur.**

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Ditte Clausen. Markmiðið er að taka saman helstu þætti er snúa að ræktun og eldi holdagripa í bækling. Eins eru kynningarfundirnar góður vettvangur til að koma bændum saman, ræða um þær áskoranir sem þeir standa frammi fyrir í sínum búskap og hvaða væntingar þeir hafa m.a. til ráðgjafarþjónustunnar og varðandi ræktunarstefnu. Aukin þekking bænda á ræktun og eldi mun skila sér í betri nýtingu á þeirri fjárfestingu sem lagt hefur verið í með innflutningi á nýju erfðaeefni sem og betri og samkeppnishæfari framleiðsluvöru.

Afgreiðsla: Þar sem verkefnið er samstarf Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins og Landssambands kúabænda teystir fagráð sér ekki til að taka umsóknina til efnislegrar meðferðar vegna reglna um vanhæfi. Umsókninni er því vísað til stjórnar Framleiðnisjóðs landbúnaðarins til umfjöllunar.

h. **Vörumerki fyrir íslenskt gæðanautgripakjöt.**

Umsókn frá Landssambandi kúabænda. Verkefnisstjóri er Höskuldur Sæmundsson.

Markmiðið er að útbúa vörumerki fyrir íslenskt nautakjöt. Markmiðið er að auka verðmæti íslensks nautgripakjöts og ýta undir og hvetja þannig til betri gæða í ræktun. Með því að hækka verð gæðavöru til neytenda er hægt að borga bændum betra verð, þar sem virðisdeðjan verður mun framlegðarhærrí. Því skapast hvati til að gera betur. Lokamarkmiðið er að íslenskt nautgripakjöt verði að fullu samkeppnishæft við innflutt kjöt þegar kemur að heildar virðisboði til neytenda.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið mjög þarft og leggur til að það verði styrkt um allt að kr. 1.300.000. Andri, Herdís og Þórarinn tóku ekki þátt í afgreiðslu þessarar umsóknar.

Björn S. Gunnarsson og Sigtryggur V. Herbertsson yfirgáfu fundinn undir lið 4.

5. Önnur mál.

Rætt um þróunarsjóðinn og þá stöðu að verulega skortir á fjármögnunarleiðir fyrir ákveðnar grunnrannsóknir með hvarfi Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Nýstofnaður Matvælasjóður virðist hafa lagt þær línur að sinna ekki þeim vettvangi og þróunarsjóður hefur lítið fjárhagslegt bolmagn til að styrkja stærra og umfangsmeiri rannsóknir.

Formaður velti upp hvernig fjármunum vegna uppkaupa á netalögnum í Hvítá væri ráðstafað í dag en á sínum tíma hefði Landbúnaðarháskólinn, þá Bændaskólinn, ákveðið að þessir fjármunir rynnu til þess að styrkja framhaldsnám í búvísindum. Margréti falið að kanna málið.

Erindi frá NBÍ um verð á nautkálfum. Lagt er til að verð á nautkálfum keyptum á NBÍ verði hækkað í 30.000 kr. að viðbættum 810 kr./dag fyrir fóðrun og hirðingu. Fagrað gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða hækkun.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Þórarinn Leifsson
(sign.)

Guðmundur Jóhannesson
(sign.)

Andri Már Sigurðsson
(sign.)

Herdís Magna Gunnarsdóttir
(sign.)

Hermann Ingi Gunnarsson
(sign.)

Sigtryggur Veigar Herbertsson
(sign.)

Egill Gunnarsson
(sign.)

Margrét Gísladóttir
(sign.)

Björn S. Gunnarsson
(sign.)

Fylgiskjöl:

1. Fundargerð 25. september 2020
2. Umsóknir í þróunarsjóð nautgripaæktarinnar